

rikjunum, sem í málinu greinir, eða fyrirsvarsmenn þeirra, og skal, ef því er að skipta, á hann skorað að leggja fram eftirrit þeirra bréfa. Einnig skal spyrja ákærða Grétar Emil, hvort honum sé kunnugt um, að ákærði Stefán Andreas hafi selt öðrum en honum ávisanir þær, er í málinu getur.

4. Skora skal á ákærða Kristján Ágústsson að leggja fram í dómi endurrit af bréfaskiptum við þau firmu í Bandaríkjunum, sem lýst er í málinu, svo og af bankareikningi sínum við The National City Bank of New York á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Loks ber að rannsaka þau atriði önnur, sem framhaldsrannsóknin kann að veita tilefni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

---

Föstudaginn 7. júní 1957.

Nr. 164/1955. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)  
 gegn

**Albert Vanneuville** (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðabrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir flugvélar Landhelgisgæzlunnar, Glófaxa, TF-ISA, yfir togara ákærða 3. júlí 1955. Reyndust staðir togarans vera:

Staður, merkur II, mældur rétt eftir kl. 12.40, fundinn með flugtíma frá Ingólfshöfðavita, flughraða og stefnu, um 1,7 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur III, mældur kl. 13.20, fundinn með miði og hornamælingu, um 2,8 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur IV, mældur kl. 13.30, fundinn á sama hátt og staður III, um 2,7 sm innan sömu marka.

Staður, merktur V, mældur kl. 15.12, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 1,5 sm innan sömu marka.

Staður, merktur VI, mældur kl. 15.18, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 1,2—1,3 sm innan nefndra marka.

Staður, merktur VII, mældur kl. 15.26—15.30 með flugi að og frá Ingólfshöfðavita, verður samkvæmt málsskjölum eigi fundinn með vissu.

Staður, merkur VIII, mældur kl. 17.25, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, 2,9—3,0 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður, merktur IX, mældur kl. 18.04, fundinn með tvöfaldri hornamælingu, um 2,2—2,3 sm innan sömu marka.

Kl. um 18.00 kom gæzlufugvélín Snæfaxi, TF-ISD, á vettvang, og hvarf Glófaxi þá bráðlega á brott, en Snæfaxi fylgdist eftir það með togaranum. Kl. 18.20 var staður flugvélarinnar fundinn með tveimur miðunum, og er hann 1,6—1,7 sm innan fiskveiðimarkanna. Var togarinn þá nokkru nær landi en flugvélín. Kl. um 22.00 hætti togarinn veiðum, og kl. 22.12 hafði hann lokið við að innbyrða veiðarfærin og hélt á mikilli ferð á haf út. Fylgdist flugvélín með honum, unz varðskipið Þór, sem var á eftirför eftir togara ákærða, nálgadist hann og stöðvaði hann nokkru síðar, svo sem segir í héraðsdómi.

Framangreindar gæzlufugvélár flugu yfir togara ákærða og kringum hann frá því kl. rúmlega 12.40 nefndan dag, og var hann að veiðum innan fiskveiðimarkanna a. m. k. þangað til nokkru eftir kl. 18.20. Hefur ákærði og kannast við að hafa vitandi vits verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarkanna, eins og þau voru ákveðin 1952. Eigi getur hjá því farið, að ákærða hafi verið ljóst, að um gæzlufugvél eða gæzlufugvélár var að ræða og að verið var að hefja aðgerðir gegn honum af hálfu Landhelgisgæzlunnar. Verður því að telja, að íslensk lögsaga taki til ákærða, enda fylgdist flugvél Landhelgisgæzlunnar með togaranum, unz varðskip tók við eftirförinni, svo sem áður segir.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skirskotun til þessa og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var uppkveðinn, þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlacrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 11.000.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Vanneuville, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 11.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 6. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2648/1955: Ákærvaldið gegn Albert Vanneuville, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er Albert Vanneuville, skipstjóri á belgiska togaranum Van Dyck, O 298 frá Ostende, til heimilis í Desmet, Denayerlaan 58 í Ostende, fyrir að hafa gerzt sekur um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara síðari hluta sunnudagsins 3. þ. m. úti af Ingólfshöfða, innan markalínunnar, samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 81/1952. Ákærður er hann til þess að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951

og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. september 1911, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Sunnudaginn 3. þ. m. fóru starfsmenn Landhelgisgæzlunnar, þeir Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Erling Roald Ellingsen Magnússon stýrimaður, í gæzluflug í flugvélinni Glófafa, TF-ISA, og var flugstjóri Pétur Pétursson, Snorrabraut 22. Um kl. 12.40 var flugvélin stödd vestan við Ingólfshöfða, og sáust þá úr henni þrjár togarar í stefnu r/v 083° frá Ingólfshöfða. Var þá fyrst flogið að þeim togaranum, sem næstur var, og mældur flugtíminn frá Ingólfshöfðavitanum að skipinu O 294, flugtími 2 m 10 s, hraði 120 sjómíllur, miðað við klukkustund, hæð 500 fet, stefna 083° r/v. Haldið var áfram í sömu stefnu að togaranum O 298, flugtími 2 m 45 s, sem gefur stað skipsins 2,0 sjómíllur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Síðan var flogið að O 294 og gerðar mælingar yfir því skipi, og var því lokið kl. 13.10. Þá var flogið aftur að O 298, sem frá kl. 12.40—13.20 hafði togað með stjórnborðsvörpu inn og austur. Kl. 13.20 var flogið yfir O 298 í miðinu Hrollaugseyjar ≠ Tvísker, og var þá hornið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða 42° 22', og er sá staður togarans merktur III á framlögðu korti, dskj. nr. 2. Kl. 13.30 var flugvélin aftur yfir togaranum í miðinu Hrollaugseyjar, N-kantur ≠ Tvísker, S-kantur, og var þá hornið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða 39° 25', og er sá staður togarans merktur IV í dskj. nr. 2.

Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri innan fiskveiðitakmarkanna, reyndu landhelgisgæzlumennirnir í flugvélinni að ná sambandi við varðskipið Þór, og um kl. 15.00 náðist samband við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og var honum tilkynnt um togarana. Að ósk hans hélt flugvélin áfram að sveima á sömu slóðum og beið nánari fyrirmæla.

Kl. 15.12 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

N.K. Ingólfshöfði	>	44° 26'
Salthöfði	>	46° 02'
Miðaftanstindur		

Og er sá staður merktur V í dskj. nr. 2.

Kl. 15.18 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Ingólfshöfðaviti	>	45° 38'
Salthöfði	>	43° 13'
Miðaftanstindur		

Og er sá staður merktur VI í dskj. nr. 2.

Kl. 15.26 til 15.30 var flogið frá togaranum að Ingólfshöfðavita og til baka, hæð 500 fet, hraði 120 sjómíllur, meðalflugtími 2 m og 04 s, og er sá staður þessarar mælingar merktur VII í dskj. nr. 2.

Kl. 15.45 til 15.49 var flogið milli Ingólfshöfðavita og Salthöfða fram og til baka í 500 feta hæð, hraði 120 sjómíllur, flugtími 2 m 17 s, og 2 m 06 s, og gefur það 4,4 sjómílna vegalengd, en uppmæld í korti í mælikvarða I: 100000 4,54 sjómíllur.

Kl. 17.25 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

N.K. Ingólfshöfði	>	61° 36'
Salthöfði	>	91° 02'
Miðaftanstindur		

Og er sá staður merktur VIII í dskj. nr. 2.

Kl. 18.04 var þessi staðarákvörðun gerð yfir togaranum:

Ingólfshöfðaviti	>	56° 12'
Salthöfði	>	28° 24'
Miðaftanstindur		

Og er sá staður merktur IX í dskj. nr. 2.

Allir þessir staðir togarans eru alllangt innan fiskveiðitakmarkanna. Mælingarnar gerðu landhelgisgæzlumennirnir sameiginlega með tveimur sextöntum og markúrum. Veður var stillt, skýjað, en skyggni gott.

Kl. 18.00 kom flugvélín Snæfaxi, TF-ISD, á vettvang og leysti hina flugvélina af hólmi. Hin nýkomna flugvél sveimaði yfir togaranum, sem var á veiðum úti af Ingólfshöfða, fram til kl. 22,30, að hann dró inn vörpuna, og kl. 22,12 hélt hann á mikilli ferð frá landi.

Kl. 18.20 flaug vélín í miðinu Hrollaugseyjar ≠ Tvísker, og var togarinn þá í miðinu Knappar ≠ Salthöfði, ca hálfra sjómílu landmegin við fyrra miðið, og er sá staður alllangt innan við fiskveiðitakmarkalínuna. Í síðari flugvélinni voru landhelgisgæzlumennirnir Garðar Pálsson stýrimaður og Gunnar Helgi Ólafsson stýrimaður, en flugstjóri var Aðalbjörn Kristbjarnarson. Báðar flugvélarnar flugu margsinnis svo lágt yfir togaranum, að þeir, sem í þeim voru, sáu nafn hans og einkennisstafi. Þenna dag var varðskipið Þór í Vestmannaeyjum, og kl. 15.50 losaði það þar landfestar og hélt af stað til að taka togarann. Eftir tilvísan síðari flugvélarinnar elti varðskipið togarann, og kl. 01.06 flaug flugvélín frá togaranum að varðskipinu, en bæði höfðu varðskipsmenn þá séð togarann í ratsjá varðskipisins og einnig reykin úr honum og athugað, hvort nokkurt skip bæri á milli, en svo var ekki. Hélt flugvélín þá á brott, en varðskipið veitti togaranum eftirför, og kl. 02.23 um nóttina var það komið á hlið

við hann, og nam þá togarinn staðar, eftir að varðskipið hafði skotið tveimur púðurskotum og loks einu kúluskoti. Hafði eftirförin þannig eigi rofnað, frá því fyrri flugvélin kom að togaranum og þar til varðskipið stöðvaði hann. Staðurinn, þar sem togarinn nam staðar, var 128° réttvísandi frá Ingólfshöfða og í 50 sjómílna fjarlægð frá honum. Kl. 09.08 um morguninn héldu skipin til Reykjavíkur og komu hingað til hafnar kl. 08.15 í gærmorgun. Allar framanskráðar frásagnir um athafnir sínar og mælingar hafa viðkomandi landhelgisgæzlumenn, flugstjórar og varðskipsforingjar staðfest með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi á þeim tíma, sem skýrsla landhelgisgæzlumanna í fyrri flugvélinni nær til, verið að veiðum með stjórnborðsvörpu togarans innan núverandi fiskveiðitakmarkalínu, en utan hinnar eldri þriggja sjómílna landhelgislínu. Sjálfur kveðst hann hafa verið ofan þilja á þeim tíma og hafa gert staðarákvarðanir með áttavita, dýptarmæli og lélegri ratsjá kl. 15.00 og kl. 17.00 eftir belgískum tíma, eða kl. 14.00 og 16.00 eftir íslenskum tíma. Taldi hann sig þá vera ½—1 sjómílu innan núverandi fiskiveiðitakmarkalínu. Kl. 12.00 eftir íslenskum tíma kastaði hann vörpunni og togaði þá í þrjár klukkustundir í austlæga og síðar vestlæga stefnu, nokkurn veginn samsíða fiskveiðitakmarkalínunni. Síðan kastaði hann aftur um kl. 15.30 og togaði aftur í þrjár klukkustundir á sömu slóðum, en endaði togið þó nokkuð utan takmarkalínunnar. Eigi kveðst ákærði hafa gert sér grein fyrir því, að flugvélnar væru í erindum Landhelgisgæzlunnar, né heldur hafi hann séð varðskipið, fyrr en það var komið á hlið við togarann, og eigi hafa orðið var við nema eitt skot frá því, og hafi því verið hleypt af alveg í því, er togarinn nam staðar. Eigi kveðst hann heldur hafa séð stöðvunarmerki, sem varðskipið þó setti upp kl. 02.04, um leið og fyrra púðurskotinu var hleypt af. Hann heldur því fram, að kl. 23.00 hinn 3. þ. m. hafi hann talið veiði lokið í veiðiförinni og þá lagt af stað til heimahafnar með aflann, sem sé um 700 körfur af fiski, og hafi hann þannig verið á heimleið, þegar varðskipið stöðvaði hann.

Það er óumdeilt, að ákærði var að botnvörpuveiðum á þeim tíma, sem að framan greinir, og með eiðfestum skýrslum áður nefndra landhelgisgæzlumanna og flugstjóra er sannað, að togarinn var á þeim stöðum, sem mælingarnar sýna, alllangt innan fiskveiðimarkalínunnar, 2 sjómíllur samkvæmt fyrstu mælingu gæzlumanna í „Glófaxa“, TF-ISA. Þó að ákærði hafi eigi viðurkennt að hafa verið svo langt innan takmarkalínunnar, hefur

hann hann þó viðurkennt að hafa verið innan hennar, svo sem að framan segir.

Af þessu er ljóst, að ákærði hefur gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 1952. Ber því að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5 1951 og 1. gr. laga nr. 81 1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 560 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Van Dyck, O 298, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Albert Vanneuville, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Van Dyck, O 298, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.